

Kirkjuþing 2021-2022

30. mál – þskj. 108

Nefndarálit

**við tillögu að starfsreglum um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.**

Frá minnihluta löggjafarnefndar.

Frsm. Steindór R. Haraldsson.

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið. Löggjafarnefnd náði ekki samstöðu í afstöðu sinni til málsins. Hér fer álit minnihluta nefndarinnar.

Á fund nefndarinnar kom biskup Íslands, flutningsmaður tillögunnar.

Minni hluti nefndarinnar telur misráðið að kirkjuþing taki ekki tillit til umsagna úr héraði í umræddri tillögu. Kirkjuþing hefur ekki áður samþykkt breytingar á prestakallaskipan ef neikvæðar umsagnir berast úr héraði. Nú kveður við nýjan tón. Nú skal beita valdi til að ná vilja sínum fram. Minni hlutinn gerir sér grein fyrir því að málsmeðferðin er lögleg en telur hana til þess fallna að efna til ófriðar í kirkjunni. Vinna beri að breytingum á skipulagi kirkjunnar í héraði með samtali og samvinnu við það þjóðkirkjufólk sem breytingarnar varða.

Minnihluti nefndarinnar leggur til að málið fá ekki framgang á kirkjuþingi.

Reykjavík, 27. mars 2022.

Löggjafarnefnd.

Steindór R. Haraldsson.